

Missouri-sýnóðan eða menn af nennar flokki, beita andspænis móttöðum. Númum þeirra í trúar- og kirkjumálum. Seinast talar Asperheim um norsku sýnóðuna út af fyrir sig, skýrir fyrst frá því, hvernig hún varð til, og því næst hvernig hún, eftir að hún sneið bakinu við móðurkirkjunni í Norvegi, og hallaði sjer að Missouri-sýnóðunni, steyptist alveg í sama móti og þetta þýsk-ameríkanska kirkjufjelag. Þessi kafla um sjálfa norsku sýnóðuna er ekki nema litill hluti ritsins, enda færir Asperheim greinileg rök að því, að norska sýnóðan er ekki annað en norsk útgáfa af Missouri-sýnóðunni.

Það er vert að geta þess, að hin einkennilega trúarstefna Missouri-sýnóðunnar og norsku sýnóðunnar er að mestu leyti til orðs fyrir framkvæmd þjóðverja eins að nafni Walter, sem kom til Ameríku í broddi lífs síns til þess að grundvallar það, sem hann áleit vera sannan og fullkomin Lúterdóm meðal útluttra landa sinna hjerna megin Atlantshafs. Þessi maður, sem nú er miðg hniginn til ára, er einn aðalguðfræðis-kennari kirkjufjelags þess, er hann átti mestan þátt í að koma á fót. Öllum kemur saman um, að hann hafi mikla hæfilegleika til að bera, og að minnsta kosti veit eg, að prestar norsku sýnóðunnar almennt skoða hann miklu fremri öllum guðfræðingum, sem nú eru uppi viðsvegar um heimin. Asperheim talar líka margt og mikið gott um hann, en þrátt fyrir þetta færir hann skýr rök að því, að sú hönd, er hann hefir haldið bæði yfir Missouri-sýnóðunni og eins þeim kirkjufjelögum, er hún hefir lagt undir sig, hafi í mörgum greinum orðið þeim hættuleg. Áður